

Nr. 038 / 10 Steini GK 34**Vélarvana og dreginn til hafnar**

Skipaskr.nr. 6905
Smíðaður: Hafnarfirði 1987 plast
Stærð: 5,8 brl. 5,1 bt.
Mesta lengd: 7,99 m Skráð lengd: 7,9 m
Breidd: 2,62 m Dýpt: 1,47 m
Vél: Sabb 52 kW, 1987
Fjöldi skipverja: 1



Steini©Þóroddur Sævar Guðlaugsson

Gögn:
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 11. október 2010 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 21. apríl 2010 var Steini GK 34 á siglingu norður af Garðskaga. Veður: NA 12 m/sek.

Bátsverjinn var á leið til fiskveiða en vélin stöðvaðist norður af Garðskagaflös og óskaði hann eftir aðstoð varðskips. Mikið rek var á bátnum í átt að flösinni en varðskipsmenn settu út léttbát og björguðu Steina GK. Varðskipið dró síðan bátinn til Keflavíkur.

Við rannsókn kom fram:

- að fæðilögn frá olútanknum hafði stíflast af óhreinindum úr tanknum sem fór af stað við hreyfingu bátsins;
- að olútankurinn var fullur af olíu og þegar hann var tæmdur reyndist 2-3 sm þykkt lag af óhreinindum vera í botni hans;
- að eigandinn taldi hugsanlegt að óhreinindin hefðu komist í tankinn í olíu frá birgja tveimur árum áður. Hann kvaðst hafa spurnir af slæmu ástandi á olíu á þeim tíma en báturinn var ekkert hreyfður á síðasta ári;
- að legufæri voru tiltæk um borð í bátnum en ekki var talin ástæða til að setja þau út.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu en hvetur eigendur báta að huga vel að ástandi olúgeyma sérstaklega ef bátar hafa staðið óhreyfðir í langan tíma.